

Efni; Umsögn um áætlaða VSK hækkun á gistinguárinu.

Kæru alþingiskonur og menn.

Hótel Saga ehf hefur verið í rekstri og í sömu eigu frá 1962. Í kjölfar hruns var reksturinn erfiður og endurnýjun ekki sem skyldi. Hægt og bitandi hefur reksturinn batnað og 2016 var met ár hjá Sögu þrátt fyrir erfitt gengi og hækkun á launakostnaði. Stór ástæða batans var að 27 ný herbergi voru tekin í notkun um mitt ár.

Hótel Saga gerir sína samninga 18-24 mánuði fram í tímann, nú þegar hafa sumarverð 2018 verið gefin út. Vegna styrkingar krónunnar eru verðin að hækka um 25% að meðaltali á milli ára og hefur það verið þungur biti fyrir viðskiptavinum, sér í lagi Skandinavíu, Mið Evrópu og Bretland. Sérubókanir hafa farið hægt af stað fyrir 2018 vegna gengisins og eftir fréttir af hugsanlegri fyrirhugaðri hækkun á VSK hafa einhverjir aðilar ákveðið að minnka áherslu á Ísland og sækja á samkeppnislönd.

Hótel Saga rekur stóra veitingadeild og stöðugildum hótelsins hefur fjölgað úr 104 í 114 á milli ára. Launakostnaður fyrirtækisins er um 45% af veltu og EBITDA var 7% af veltu árið 2016.

Þetta er algeng kennitala hjá hótelum af þessari stærðargráðu og sýnir að bolmagn er ekki mikið að taka við auknum álögum, þær þurfa að mestu leyti að fara út í verðlag. Þegar verðlag er svo komið langt frá því sem eðlilegt getur talist og meðalverðin 20% hærri en í vinsælum stórborgum er ljóst að aðsókn fer að dala.

VSK á veitingar er 11% og hefur það einfaldað verulega reksturinn að hafa gistingu og veitingar í sama þrepi. Gistingu er ekki geymsluvara, ef hún er ekki nýtt í nótt verður hún ekki notuð framur. Því er varla hægt að halda því fram að VSK þurfi að vera sá sami og á vörur sem geymast og hægt er að selja hvenær sem er.

Stjórnendur hótelsins gera alvarlegar athugasemdir við að greining á núverandi stöðu ferðaþjónustufyrirtækja, áhrifum VSK hækkana á nágrannaþjóðir og áhrifum á gestakomur skuli ekki hafa átt sér stað áður en tillagan var sett fram. Umræðan ein mun skaða ferðaþjónustuna á Íslandi.

Virðingarfyllt

Ingibjörg Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri Hótel Sögu ehf